


RELATIONS



~~RELATIONS II~~



# TENGLS II konur

## *Relations II Female*

Brú yfir haf og meginlönd - tengir menningarheima, mótar frásagnir

*A bridge across oceans and continents - connecting cultures, shaping narratives*

Listamenn/*Artists:*

**Iceland** - Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Rut Marrow, Hulda Vilhjálmsdóttir  
**Austria** - Birgit Graschopf, Tanja Prušnik, Ramona Schneckengerger

**Sýningarstjóri/Curator:**  
Tanja Prušnik

Á sýningunni TENGLS II konur eru persónuleg, menningarleg og söguleg tengsl skoðuð út frá sjónarhorni sex listakvenna, þriggja frá Íslandi og þriggja frá Austurríki. Sýningin mótast af feminískum áhrifum listakvenna sem eru afar ólíkar í tjáningu, vinnuaðferðum og bakgrunni.

Með verkunum er markmiðið að skapa rými fyrir samtal, speglun og varpa ljósi á ólíkan reynsluheim þeirra og stöðu í menningarlífi tveggja ríkja.

Verkin á sýningunni eru ljósmyndir, málverk, grafíkverk, innsetningar og verk unnin úr fjölbreyttum efniviði. Þau endurspeglar mótandi samskipti og listræna reynslu sem verður til í ólíkum landfræðilegum, menningarlegum og félagslegum aðstæðum.

Í forgrunni eru samskipti, gagnkvæmur skilningur og ný tengsl sem verða til í listrænu og persónulegu samtali, ásamt sameiginlegri umræðu um jafnrétti og stöðu kvenna í samtímanum. Sýningin leggur áherslu á ólíkar birtingarmyndir og opnar vonandi umræðu um jafnrétti og fjölbreytileika.

RELATIONS II Female feminine sights examines the complex network of relationships—personal, cultural, and historical, through the perspective of six artists, three from Iceland and three from Austria.

The exhibition offers an artistic exploration of the female gaze and explores a feminist, influenced formal language of female artists who differ radically in their expression, working methods, and backgrounds.

On display are installations from the fields of photography, painting, graphic, and object art. The exhibition highlights the artists' brief artistic experiences in different places and countries, each shaped by specific geographical, cultural, and social conditions.

The focus is on the desire for exchange, getting to know each other on an artistic and personal level, and the pursuit of feminist equality, here and there.

**Styrktaraðilar sýningarinnar:**  
Austurríska sendiráðið í Kaupmannahöfn  
Hveragerðisbær  
Safnaráð  
dW Architekten

**Supporters of the exhibition:**  
Austrian Embassy in Copenhagen  
Hveragerði town  
Museum Council of Iceland  
dW Architekten

TENGLS II konur verkefnið byggir upp vettvang fyrir listrænt samstarf milli Íslands og Austurríkis þar sem listakonum gefst kostur á að starfa í landi hver annarar í gegnum sýningar og, í sumum tilvikum, listamannadvalar. Verkefnið eflir ný tengsl og samvinnu milli listafólks frá Íslandi og Austurríki og nær hámarki í tveimur sýningum, á Íslandi árið 2026 og í Vín árið 2027.

Listakonurnar sem taka þátt eiga það sameiginlegt að velta fyrir sér sjálfsmynd og reynslu einstaklingsins þótt þær nálgist viðfangsefnið á ólíkan hátt. Sýningin beinir sjónum að ólíkum veruleika kvenna í Austurríki og á Íslandi og opnar samtal um jafnrétti og fjölbreytileika.

Ísland er ungt í listheiminum, kraftmikið og í stöðugri mótun með víðáttumiklu og stórbrotnu landslagi, ósnortnu af mannanna höndum en samt einstöku. Austurríki, á hinn bóginn, ber merki marglaga menningarsögu, mótað af stöðu sinni í hjarta Evrópu, arfleifð Habsborgarveldisins og hefðum tónlistar, heimspeki og móðernisma.

Þessi ólíku menningarlegu, landfræðilegu og sögulegu áhrif gefa af sér ný verk sem kanna tengsl listakvennanna og velta fyrir sér hvað við getum lært hvert af öðru handan hins pólitíska sviðs. Með því að veita innsýn í verk og vinnuferli sex listakvenna, segir TENGLS II konur sögur, sögur sem tengja saman höf og meginlönd, kynslóðir og sjónarhorn. Líkt og austurríski ferðahöfundurinn Ida Pfeiffer, sem ferðaðist til Íslands árið 1845 og skildi eftir sig eina af fyrstu ítarlegu erlendu lýsingunum á landinu, veltir verkefnið upp hvernig reynsla og hreyfing kvenna mótar og endurmótar menningarlegar frásagnir yfir tíma og rúm.

*English*

RELATIONS II Female enables artists from Iceland and Austria to work in each other's countries through an exhibition and, in some cases, residency program, developing new artistic synergies through mutual exchange. The growing platform will culminate in two exhibitions in 2026 and 2027: at the Listasafn Árnesinga LÁ Art Museum in Hveragerði, Iceland, and in 2027 in Vienna Austria

The selected artists from both countries share an interest in questions of identity and lived experiences. The exhibition focuses on different female realities in Austria and Iceland and opens a dialogue on equality and diversity.

Iceland is characterized by dramatic nature, volcanoes, glaciers, wide open spaces, where the landscape determines life. Austria, on the other hand, bears the traces of a rich cultural history, shaped by its role as a European crossroads, by the legacy of the Habsburg monarchy, by music, philosophy, and modernism.

These different cultural, geographical, and historical influences give rise to new works that explore the relationships between the artists and probe what we can learn from each other beyond the political sphere. By making the processes and works of the six female artists visible, RELATIONS II Female tells stories, stories that connect oceans and continents, generations and perspectives. Like the Austrian travel writer Ida Pfeiffer, who sailed to Iceland in 1845 and left behind one of the earliest detailed foreign descriptions of the country, RELATIONS II Female also shows how women's experiences and connections shape cultural narratives and rewrite them across bridges.

Tanja Prušnik  
Sýningarstjóri

Verk Birgit Graschopf, Kristínar Gunnlaugsdóttur, Sigríðar RutarMarrow, Tönju Prušnik, Ramonu Schnekenburger og Huldu Vilhjálmsdóttur eiga sér sameiginlegan snertiflöt í næmi fyrir því sem verður til á mörkum ólíkra heima; milli líkama og landslags, minninga og nærveru, hins sýnilega og þess sem býr undir yfirborðinu.

Verk þeirra verða ekki til af þörf fyrir að lýsa veruleikanum heldur af löngun til að gefa form því sem erfitt er að fanga með orðum, tilfinningum, stemningu og þeirri reynslu sem mótar tengsl okkar hvert við annað.

Þótt verkin hafi ekki orðið til í beinu samtali virðast þau kallast á og mynda óvænt tengsl sín á milli.

Á sýningunni gegnir efniviðurinn mikilvægu hlutverki. Steinsteypa, sandpappír, fiskroð, textill, litur, vatn og pappír bera í sér ummerki tíma, hreyfingar og snertingar. Vinnuferli listakvennanna einkennast af opnum og leitandi aðferðum þar sem innsæi, tilraunir og umbreytingar fá að ráða för.

Verkin verða til í marglaga ferli þar sem form og merking þróast smám saman; líkt og landslag sem mótask af veðri og tíma eða minningar sem taka á sig nýja mynd.

Ísland og Austurríki mynda mikilvægan bakgrunn í verkunum, hvort land með sína sögu, menningu og náttúru. Þótt löndin séu landfræðilega fjarlæg myndast á milli þeirra samtal sem endurspeglast í verkum listakvennanna og þeim spurningum sem þær beina sjónum að.

Líkami konunnar er áberandi í verkunum sem rými skynjunar, reynslu, styrks og varnarleysis. Hann er ekki fyrst og fremst viðfang framsetningar heldur staður þar sem tengsl, minningar og upplifanir taka á sig mynd. Náttúran er jafnframt virkur þátttakandi í verkunum; hafið, fossarnir, landslagið og lífræn form verða að bergmálsrými fyrir tilfinningar, minningar og innri reynslu.

Þegar verk þessara listakvenna koma saman verður til ljóðrænt samtal um tengsl, umbreytingu og það sem sameinar fólk þvert á ólíkan bakgrunn og reynslu. Þótt listakonurnar vinni með ólíka miðla og ólíkt myndmál eiga verkin sameiginlega kyrrláta en áhrifamikla nærveru og kalla fram það sem erfitt er að setja í orð. Þau opna rými fyrir hið ósagða og draga fram brothættan en áhrifamikinn heim þar sem minningar, líkami og landslag fléttast saman.

The works of Birgit Graschopf, Kristínar Gunnlaugsdóttir, Sigríður Rut Marrow, Tanja Prušnik, Ramona Schnekenburger, and Hulda Vilhjálmsdóttir are connected through a particular sensitivity to the in-between: to those quiet transitions between body and landscape, memory and presence, visibility and inner experience.

Their works do not emerge from a desire to depict reality, but from the need to make atmospheric states visible and physically tangible, and to create relationships between one another. One work seems to grow out of another; connections become visible, even though the works were not created in direct dialogue.

Within the exhibition, material becomes a carrier of memory and touch: concrete, sandpaper, fish skin, textile fragments, paint, water, and paper preserve traces of time, movement, and lived experience. The artists work in open, process-oriented, and often intuitive ways.

Their works develop through layers, condensations, and transformations — like landscapes slowly changing, or memories that can never be fully grasped.

Iceland and Austria, two geographically distant yet artistically connected places, play an important role as mediating landscapes within these artistically and partly feminist-oriented practices.

Again and again, the female body appears at the center — not as representation, but as a sensitive space of perception, vulnerability, strength, and connection. Nature is not treated as a background, but as a living presence inscribed into gestures, materials, and movements. The sea, waterfalls, Icelandic landscapes, and organic forms become resonant spaces for inner emotional states.

Through the juxtaposition of these artistic positions, a poetic dialogue emerges about closeness, transformation, memory, and belonging. Despite their different media and visual languages, all of the works share a quiet intensity and a search for forms of expression beyond the explicit. Their works open spaces for the unspoken — fragile and open visual worlds in which memory, body, and landscape enter into relation with one another.

Rut Marrow Theodórsdóttir  
Verkefnastjóri TENGSL II Konur

TENGSL II Konur er hluti af stærra samstarfsverkefni sem hefur þróast á undanförunum árum út frá þeirri hugmynd að skapa vettvang fyrir listræn samskipti milli Íslands og Austurríkis. Frá upphafi hefur markmiðið verið að leiða saman listafólk frá báðum löndum, efla tengsl og skapa ný tækifæri til samstarfs, miðlunar og menningarsamskipta.

Verkefnið á rætur sínar að rekja til RUT’S GALLERY í Vín, sem stofnað var með það að markmiði að kynna íslenska samtímalist og skapa lifandi tengsl milli íslenskra og austurríksk listalífs. Í gegnum árin hefur galleríið orðið vettvangur fyrir fjölbreytt samstarfsverkefni og listræn kynni sem hafa smám saman þróast yfir í stærra alþjóðlegt samstarf.

Mikilvægur áfangi á þeirri vegferð var samstarfsverkefnið RELATIONS, sem haldið var í samvinnu við Sendiráð Íslands í Austurríki dagana 16.–18. september 2022. Verkefnið samanstóð af móttöku í sendiherrabústaðnum í Vín, sem var breytt í tímabundið sýningarrými í þrjá daga, opnun sýningar í RUT’S GALLERY og sérstökum kvöldverði þar sem saman komu fulltrúar listamanna og menningarlífs. Í sendiherrabústaðnum voru til sýnis verk úr íslenskrí safneign sem undirstrikuðu tengsl við Ísland. Þessi viðburður staðfesti mikilvægi þess að skapa vettvang fyrir samtal, samstarf og ný tækifæri milli listafólks og menningarstofnana landanna tveggja.

TENGSL II Konur byggir á þessum grunni. Sýningin leiðir saman sex listakonur frá Íslandi og Austurríki sem starfa með ólíka miðla og nálganir en eiga það sameiginlegt að fást við spurningar um reynslu, sjálfsmynd, samfélag og tengsl. Þær skapa samtal sem nær út fyrir landfræðileg mörk og opnar ný sjónarhorn á það sem tengir okkur saman.

Ég vona að þetta verkefni verði áfram vettvangur fyrir ný kynni, nýtt samstarf og dýpri tengsl milli listafólks og menningarsamfélaga Íslands og Austurríkis.

RELATIONS II women is part of a larger collaborative project that has developed in recent years based on the idea of creating a platform for artistic communication between Iceland and Austria. From the beginning, the goal has been to bring together artists from both countries, strengthen ties and create new opportunities for collaboration, communication and cultural exchange.

The project has its roots in RUT’S GALLERY in Vienna, which was founded with the aim of promoting Icelandic contemporary art and creating vibrant connections between the Icelandic and Austrian art scene. Over the years, the gallery has become a platform for diverse collaborative projects and artistic encounters that have gradually developed into a larger international collaboration.

An important milestone on that journey was the collaborative project RELATIONS, which was held in collaboration with the Embassy of Iceland in Austria from 16 to 18 September 2022. The project consisted of a reception at the Ambassador’s Residence in Vienna, which was transformed into a temporary exhibition space for three days, the opening of an exhibition at RUT’S GALLERY and a special dinner that brought together representatives of the art and cultural life in Vienna. The Ambassador’s Residence exhibited works by Icelandic artists with connections to Austria, as well as works from the collection of the National Gallery of Iceland. This event confirmed the importance of creating a platform for dialogue, collaboration and new connections between artists and cultural institutions of the two countries.

“RELATIONS II Women” builds on this foundation. The exhibition brings together six female artists from Iceland and Austria who work with different media and approaches but share a common interest in addressing questions of experience, identity, community and connection. Their work creates a conversation that transcends geographical boundaries and opens up new perspectives on what connects us.

I hope that this project will continue to be a platform for new encounters, new collaborations and deeper connections between artists and cultural communities in Iceland and Austria.

LISA MARIA SCHMIDT  
aðstoð við verkefnastjórn/  
assistant project manager

# Hulda Vilhjálmsdóttir

„Vinnustofan mín er við höfnina. Ég er listakona og móðir. Ég elska villta náttúru.“

Málverk Huldu Vilhjálmsdóttur eru bæði figúratíf og abstrakt, unnin í akrýl eða olíu. Hún hefur einnig sýnt keramikverk, klippi-myndir, myndbönd og gjörninga. Hún er leit-andi listakona. Frá upphafi ferils síns hefur konan og kraftur endurfæðingar verið leiðar-stef í verkum hennar. Konan birtist líkt og guð í eigin heimi, oft einangruð, jafnvel fjarlæg, en jafnframt falleg, dularfull og tregafull. Blái liturinn er einnig áberandi í verkum hennar og vísar til ljóðrænnar sorgar og rómantíkur einver-unnar. Ástríða listakonunnar, eldur, styrkur og viðkvæmni umbreytast með agaðri pensil-beitingu í sköpun á striganum og verða að lokum að ósk um frið og fegurð í flóknum heimi.

Í verkum hennar Huldukonur sýnir hún list þar sem ljómi sköpunarinnar er í forgrunni, list vegna sjálfrar listarinnar, konan er líkt og guð.

Fædd 1971, býr og starfar í Reykjavík. Menntun: Listaháskóli Íslands í Reykjavík, keramikdeild. BA í málun. Iðnskólinn í Reykjavík, tækniteiknun.

Fjöldi einkasýninga og samsýninga hérlandis og erlendis. Verk hennar eru í opinberum listasöfnum og einkasöfnum. Tilnefnd til Carnegie Art Award og til Íslensku myndlistarverðlaunanna árið 2018 fyrir einkasýninguna Valbrá í Kling & Bang.

Árið 2020 hlaut hún myndlistarverðlaunin Tilberinn fyrir framlag sitt til myndlistar síðustu tvo áratugi.

www.huldavil.com

“My studio is by the harbor. I am an artist and a mother. I love wild nature.”

Hulda Vilhjálmsdóttir's paintings are both figura-tive and abstract, done in acrylic or oil. She has also exhibited ceramics, collages, videos and performances. She is a searching artist. From the beginning of her career, women and the power of rebirth have been a guiding theme in her work. Women appear like gods in their own world, often isolated, even distant, but also beautiful, mysteri-ous and melancholic. The color blue is also promi-nent in her work and refers to the poetic sadness and romance of solitude. The artist's passion, fire, strength and vulnerability are transformed through disciplined brushwork into creation on the canvas and ultimately become a wish for peace and beauty in a complex world.

In her works, Huldukonur shows art where the brilliance of creation is in the foreground, art for the sake of art itself, the woman is like a god.

Born 1971, lives and works in Reykjavík. Education: Iceland Academy of the Arts, Department of Ceramics. BA in Painting. Reykjavik Industrial College, Technical Drawing.

Numerous solo and group exhibitions in Iceland and abroad. Her works are in public and private coll-ections. Nominated for the Carnegie Art Award and the Icelandic Fine Arts Prize in 2018 for the solo exhibition Valbrá in Kling & Bang.

In 2020 she received the Tilberinn Fine Arts Prize for her contribution to art over the past two decades.

www.huldavil.com



# Kristín Gunnlaugsdóttir

Þrátt fyrir að fjalla um tabú og hugmyndir um kynferðislega sjálfsmynd kvenna einkennast verk Kristínar Gunnlaugsdóttur af ljóðrænum einfaldleika og hómor. Hún er óhrædd við að þróa myndmál sitt og er opin fyrir nýjum efnis-legum og sjónrænum nálgunum.

Verk hennar verða til í lotum þar sem hún vin-nur með ólíkar aðferðir og miðla. Á síðari árum hefur hún smám saman leyst upp hefðbundið figúratíft myndmál sitt og færð sig í átt að frjálsari tjáningu í teikningu og textílbundnum verkum, þar sem form og merking opnast frekar en lókast.

Frá árinu 2021 hefur hún í auknum mæli unnið út frá innsæi og skapað abstraktverk þar sem áhersla er lögð á sköpunarfrelsi, efniskennd og kraft sköpunarferlisins sjálfs.

Hún hefur haldið fjölda einkasýninga og samsýninga hérlandis og erlendis og verk eftir hana eru geymd bæði í opinberum söfnum og í einkasöfnum. Árið 2025 var haldin yfirlitssýning á ferli hennar í Lis-tasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum.

1963, Akureyri. Menntuð á Íslandi og á Ítalíu, m.a. í rómverskri ikonagrafíu í klaustri og við Accademia di Belle Arti í Flórens. Yfirlitssýning í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum 2025.

www.kristing.is

Despite addressing taboos and ideas about women's sexual identity, Kristín Gunnlaugsdót-tir's work is characterized by poetic simplicity and humor. She works fearlessly with chang-es and developments in her imagery and is constantly open to new material and visual approaches.

Her work is created in cycles where she works with different methods and media. In recent years, she has gradually dissolved her traditional figurative imagery and moved towards a freer expression in drawing and textile-based works, where form and meaning open up rather than close down.

Since 2021, she has increasingly worked toward a freer and more intuitive abstract form where the emphasis is on creative freedom, materiality and the power of the creative process itself.

She has held numerous solo and group exhibitions in Iceland and abroad, and her work is in public and private collections. In 2025, a major retrospective exhibition of her career was held at the Reykjavik Art Museum, Kjarvalsstaðir.

1963, Akureyri. Educated in Iceland and Italy, including Roman iconography in a monastery and at the Accademia di Belle Arti in Florence. Major retrospective exhibition at the Reykjavik Art Museum, Kjarvalsstaðir 2025.

www.kristing.is



# Birgit Graschopf

Verk Birgitar Graschopf bera oft yfir sér dulúð, stundum jafnvel fjarlægð í tengslum við hið kvenlega. Hún dregst að hinu ókennilega, ógnvekjandi og því sem stendur utan skýrra skilgreininga, þar sem hið óvissa og óþekhta getur jafnframt orðið að uppsprettu styrks og umbreytingar.

Hún tengir þessi þemu við valda staði sem eru oft yfirgefnir, opnir og víðáttumiklir. Figúrir og skuggar birtast í nákvæmri myndbyggingu þar sem arkitektúr, rými og birtuskilyrði móta sjón-rænt samhengi. Stundum virðast figúrnarnar eins og vofur úr fortíð, á stöðum sem eitt sinn höfðu líf eða voru skipulagðir sem slíkir.

Verk hennar fjalla um hið ókennilega í tengslum við kvenleikann — þar sem hið framaní og ófyrirsjáanlega getur jafnframt falið í sér vald, rof og umbreytingarmöguleika. Ljósmyndir-nar eru prentaðar á sandpappír; efni sem er hrjúft og abrasívt en virðist jafnframt glitrandi, mjúkt og næstum flauelskennt í yfirborði. Efnið verður þannig ekki aðeins burðarefni mynda heldur hefur það sjálft áhrif á hvernig þær eru upplifaðar. Sandpappírinn er fluttur frá Íslandi til Austurríkis og verður hluti af efnislegu og hugmyndalegu ferli verksins.

Birgit Graschopf's work often carries a sense of mystery, sometimes even distance, in relation to the feminine. She is drawn to the uncanny, the frightening, and the undefined, where the uncer-tain and unknown can also become a source of strength and transformation.

She connects these themes to selected places that are often abandoned, open, and vast. Figures and shadows appear in a precise image structure where architecture, space, and lighting conditions shape a visual context. Sometimes they seem like ghosts from the past, in places that once had life or were planned as such.

Her work deals with the uncanny in relation to femininity — where the unfamiliar and unpre-dictable can also involve power, rupture, and the possibility of transformation.

The photographs are printed on sandpaper; a material that is rough and abrasive but also appears shimmering, soft, and almost velvety on the surface. The material thus becomes not only a carrier of images, but an active participant in their experience.The sandpaper is transported from Iceland to Austria and becomes part of the material and conceptual process of the work.

1978, born in Vienna. Lives and works as an independent visual artist in Vienna. Studied at the Academy of Applied Arts in Vienna, photography, and at the Högskolan för fotografi och film i Gautaborg. Exhibited widely at home and abroad, including, among other things, a government grant in photography.

www.birgitgraschopf.com



# Ramona Schneckeburger

Í verkum Ramonu Schneckeburger birtast verur og form sem umlykjast dularfullu andrúmslofti. Teikningar og hlutverk hennar hafa yfir sér heillandi eiginleika sem leiða áhorfandann inn í næstum goðsögulegan heim. Í þessu samhengi vakna jafnvel tengingar við íslenskan hugmyndaheim huldufólks, þar sem verurnar virðast tilheyra bæði náttúru og ímyndunarheimi og bera með sér ljóðræna og óræða nærveru.

Sköpunarferlið einkennist af hægð og stöðugri finstillingu þar sem lög eftir lög eru byggð upp í teikningu, málun, skurði og mótun. Hún nálgast ummerki lífs og dauða — sár, dýraleifar og lífrænar leifar — af sömu mildi og hún nálgast fegurð náttúrunnar.

Í verkum hennar verða öll stig tilverunnar hluti af heild þar sem ekkert er metið sem æðra eða lægra; fæðing, umbreyting, rotnun og endurnýjun eru hluti af sama ferli.

Verk hennar kalla ekki á athygli með hávaða, heldur tala í lágstemmdum en áhrifamiklum tóni: aðeins í tengslum við annað líf verður mögulegt að hugsa um virðingu, samvist og jafnvægi.

Í vinnuferli hennar á Íslandi umbreytast fiskroð í nýjar innsetningar og efnislegar samsetningar sem varðveita ummerki umbreytingar og staðbundinnar reynslu.

1980, Schwenningen í Þýskalandi. Býr og starfar í Vín.

www.ramonaschnekenburger.com

## Tanja Prušnik

Hringlaga og endurtekin verk Tönju Prušnik fjalla meðal annars um samfélagslega gagnrýni. Í seríunum Kunstbackwettbewerb (Listabaksturskeppni) og Paravent (Skermur) vinnur hún með kvenbundin þemu sem nálgast feðraveldisleg hugmyndakerfi á gagnrýninn, leikrænan og skynrænan hátt og setur þau í tilraunakennt feminískt samhengi. Útvíkkað málunarferli hennar felur í sér umbreytingu þar sem málun er færð yfir í hlutbundin, stundum jafnvel átuformuð verk.

Notkun óhefðbundinna efna og undirlags, svo sem ætra litarefna, opnar fyrir þátttöku þar sem verkið getur tekið á sig tímabundnar breytingar í snertingu við áhorfandann. Þannig fer listin inn í líkamlega reynslu og áhorfandinn verður bókstaflega hluti af verkinu.

Í sjálfsmyndatengdum verkum, sem listrænni og emancipatorískri myndlíkingu, býður hún upp á nána, tilraunakennda sviðsetningu — eins konar pas de deux í innra rými þar sem spenna, einbeiting og næmni mætast.

Menntun hennar og starfssvið eru fjölbreytt: hún stundaði nám við Tækniháskólann í Vín (TU Wien) og starfar í dag sem málari, sýningarstjóri og listamaður í þverfaglegum verkefnum. Hún hefur einnig unnið við innsetningar, sviðshönnun, ritstjórn og alþjóðleg samstarfsverkefni. 1971, Wolfsberg í Kärnten. Býr og starfar í Vín.

www.prusnik.com

Ramona Schneckeburger's works feature beings and forms that are enveloped in a mysterious atmosphere. Her drawings and reins have a fascinating quality that leads the viewer into an almost mythological world. In this context, connections even arise with the Icelandic imaginary world of the occult, where the beings seem to belong to both nature and the world of imagination and carry with them a poetic and irrational presence.

The creative process is characterized by slowness and constant refinement, as layer after layer is built up in drawing, painting, cutting and shaping. She approaches the traces of life and death — wounds, animal remains and organic remains — with the same gentleness as she approaches the beauty of nature.

In her works, all levels of existence become part of a whole where nothing is considered higher or lower: birth, transformation, decay and renewal are part of the same process.

Her works do not demand attention with noise, but speak in a low but powerful tone: only in connection with another life will it be possible to think about respect, coexistence and balance.

In her working process in Iceland, fish skins are transformed into new installations and material compositions that preserve traces of transformation and lived experience.

1980, born in Schwenningen, Germany. Lives and works in Vienna.

www.ramonaschnekenburger.com



Painting processes are expanded through the use of unusual materials and substrates such as edible color pigments which, through participatory involvement, can sometimes cause short-term changes. In this way, art penetrates deep into the body, and the participant literally becomes part of the work.

In self-photography as an emancipatory metaphor, she invites us to a pas de deux in an intimate, experimental space full of inner tension and utmost concentration.

1971 Wolfsberg/Kärnten. Lives and works in Vienna. TU Vienna, curator of millstART.

Painting, installation, stage design, curating, cover design, land art, international symposia in Austria and abroad.

## Sigríður Rut Marrow

Öll verkefni Sigríðar eiga það sameiginlegt að fjalla um mannlega tilveru og þá samkennd sem virðist fara dvinandi í samfélaginu. Hún nálgast dagléga hversdagsmenningu með sérstakri forvitni og leitast við að skrásetja hana í gegnum ljósmyndun sem aðalmiðil.

Í þessu sýningarverkefni fylgir hún konum sem mynda náinn hóp í kringum sameiginlega iðkun sjósunds sem byggir á trausti og samstöðu innan hópsins, og þeirri samkennd sem jafnframt nær til ljósmyndarans sjálfs.

Sigríður dregur fram náin og óséð augnablik sem verða til í ósviðsettri nærveru. Myndirnar sýna viðfangsefni hennar á augnablikum sem eru sjaldan sýnileg öðrum og varpa ljósi á samkennd, traust og sameiginlega reynslu.

Fædd 1990, býr og starfar í Reykjavík. Bachelor-gráða í blaðamennsku; meistaragráða í menningar- og samskiptafræði með áherslu á ljósmyndun. Þátttaka í MAGNUM vinnustofu með Martin Parr í Delhi á Indlandi.

Sýningarferill: Þjóðminjasafn Íslands – 20 ára ljósmyndasafnið (samsýning), Byggðasafn Árnesinga, Menningarhús Austfjarða, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, LUNGA listahátið.

www.siggamarrow.com

All of Sigríður's projects have in common the discussion of human existence and the empathy that seems to be waning in society. She approaches everyday culture with particular curiosity and seeks to document it through photography as her primary medium.

In this exhibition project, she follows women who form a close group around the shared practice of sea swimming, which is based on trust and solidarity within the group and the empathy that also extends to the photographer herself.

The images show her subjects in moments that are rarely visible to others and shed light on empathy, trust and shared experience.

Born in 1990, lives and works in Reykjavík. Bachelor's degree in Journalism; Master's degree in Cultural and Communication Studies with an emphasis on photography. Participation in the MAGNUM workshop with Martin Parr in Delhi, India.

Exhibition history: National Museum of Iceland – 20 Years of Photography (group exhibition), Árnessýsla Heritage Museum, Fastfjords Cultural Centre, Reykjavik Museum of Photography, LUNGA Art Festival.

www.siggamarrow.com

